

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

64

10. des.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 10. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

65

10. des.

um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði laga þessara ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. og 11. grein.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu tóbakseinkasölnunnar.

4. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð

65 vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á 10. des. vindlingapappír er óbundin.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörunar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

6. gr.

Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa hæfilegan forða af eldspýtum og vindlingapappír fyrirleggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn.

8. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu.

9. gr.

Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins“.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á vindla- og vindlingakveikjum, og skulu um einkasölu á þeim gilda sömu reglur eins og segir í lögum þessum um einkasölu á vindlingapappír.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem lög þessi taka til, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 10. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.